

Alþingi
Erindi nr. P 130/2421
komudagur 12.5.2004



Alþingi Íslendinga
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 4. maí 2004

Tilvísun: FEL04030005/0005/IB/--

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar félagsmálaráðuneytis um frumvarp til laga um félagslega aðstoð, 157. mál, umönnunargreiðslur. Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að fenginni umsögn og mati heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða.

Félagsmálaráðuneytið leitaði álits Barnaverndarstofu á framkomnu frumvarpi og aflaði upplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins. Samkvæmt Tryggingastofnun ríkisins falla börn, sem eiga við alvarlegan fíkniefnavanda að etja, undir skilgreininguna sem tilgreind er í 2. málsli. 1. mgr. 4.gr. gildandi laga, nr. 118/1993, um félagslega aðstoð. Það mun því ekkert vera í vegi fyrir því að foreldrar sæki um umönnunargreiðslur vegna barna sem eiga við slíkan alvarlegan vanda að etja. Barnaverndarstofa nefnir sama atriði í sinni umsögn. Barnaverndarstofa bendir einnig á að óljóst sé hvaðan félagsráðgjafinn og meðferðarfulltrúinn eigi að koma sem nefndir eru sem umsagnaraðilar í frumvarpinu.

Það skiptir verulegu máli að foreldrum bjóðist aðstoð til að annast börn sín, ekki síst þegar þau eiga í alvarlegum erfiðleikum og veikindum. Má í því sambandi greina frá því að Barnaverndarstofa er nú að undirbúa meðferð sem kallast MST (Multisystemic Therapy), sem byggir á umfangsmikilli aðstoð við börn og foreldra/fjölskyldur þeirra. Tilgangurinn er fyrst og fremst að styðja foreldrana til að veita börnum sínum sem best uppeldi og aðstoð.

Í ljósi þess sem að framan er sagt telur ráðuneytið ekki þörf á að gera framangreinda breytingu á lögum um félagslega aðstoð.

F. h. r.


Þór G. Þórarinnsson / 
Ingibjörg Broddaóttir